

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 6. mgr. 45. greinar laganna orðist svo:

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum ½ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálpi til fólks utan heimilis umfram heimilishjálpi ½ dag í viku, allt að fullum dagpeningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar með taldar almannatryggingar, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign samkvæmt nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð sem ríkið leggur á einstaklinga og félög án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.